

Lagaflokkurinn *Sjö lög úr Dalasýslu* varð til veturinn 2016-2017 og er tileinkaður Hönnu Dóru Sturludóttur sem frumflutti verkið með höfundi á hádegistónleikum í Frikirkjunni 6. apríl 2017. Um er að ræða útsetningar fyrir mezzo-sópran og píanó á þjóðlögum sem varðveitt eru hljóðrituð í þjóðfræðasafni *Stofnunar Árna Magnússonar* og aðgengileg á netinu ([ismus.is](http://ismus.is)). Heimildarmennirnir voru flestir komnir á efri ár þegar þeir sungu inn á segulband og það er ekki alltaf auðvelt að heyra orðaskil hjá þeim en sá sem hlustar á lög úr þjóðfræðasafninu verður þess fljótt áskynja að ekki eiga allar vísur sér eina og aðeins eina stemmu og ekki eru öll lög einungis sungin með einni vísu. Það lá því beint við að nota önnur kvæði en þau sem heimildarmennirnir sungu og það var auðvelt að finna kveðskap eftir tvíburasysturnar Herdísi og Ólínu Andrésdætur (fæddar 1858) til að hafa með flestum laganna (nr. 1, 2, 3, 4, 6 og 7). Í einu lagi (nr. 5) er sungið kvæði eftir Steingrím Thorsteinsson (1831-1913).